

Tillaga ráðgjafanefndar Gerðarsafns varðandi val og framkvæmd við gerð útilistaverks fyrir sjóð menningar- og mannlífsnefndar

Ráðgjafanefnd Gerðarsafns leggur til að farið verði í gerð nýs útilistaverks þegar sjóðurinn er kominn í 15.000.000. Telur ráðið þá raunhæft að ná að framkvæma nýtt útilistaverk á faglegan hátt.

Tillaga ráðgjafanefndar er að láta vinna verk sem er staðbundið verk fyrir Kópavogsbæ og svæðið sem verður valið. Lagt til að óska eftir tillögum frá þremur völdum listamönnum sem myndu gera tillögu hvert að útilistaverki. Þörf er á fjármagni til að greiða listamönnum fyrir gerð tillaga að verki.

Ráðgjafanefnd Gerðarsafns gæti haldið utan um val á listamönnum, eftirfylgni á tillögum og faglegt mat og tillögur að vali verks, sem borið væri undir menningar- og mannlífsnefndar til samþykktar.